

Byrjendalæsi - Íslenska 3.bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

3

Lýsing

Unnið með Byrjendalæsisaðferðina í íslensku.

Lestur á hverjum degi í skóla. Prisvar í viku hjá kennara og tvisvar í viku í paralestri PALS.

Reglulegar skriftaræfingar í skriftarbók og frjáls ritun í sögubók og stílabók.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennsluaðferðir: Innlögð frá kennara, umræðu - og spurnaraðferð, leitarnám og Byrjendalæsis kennsluaðferðin.

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Talað mál, hlustun og áhorf:

Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Frá upphafi skólagöngu þarf að leggja áherslu á að þeir æfist í að tjá sig og fái leiðsögn um framsögn og skýran framburð. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum. Þjálfunina má greina í tvo þætti, annars vegar framburðar- og framsagnarþátt og hins vegar frásagnar-, samræðu-, rökræðu- og umræðuþátt. Oft er þó vænlegt að samtvinna þá í kennslu. Nauðsynlegt er að eðlileg stígandi sé í náminu. Í upphafi er æskilegt að leggja áherslu á þjálfun í einföldum frásögnum og endursögnum, þátttöku í almennum samræðum og hlutverkaleikjum. Gæta þarf að eðlilegum framburði allra málhljóða. Síðar bætist við kennsla um einkenni talmáls og frekari þjálfun í leikrænni tjáningu og rökræðum.

Lestur og bókmenntir:

Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Ritun:

Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi, bæði handskrifað og á stafrænu formi. Við alla textagerð er nauðsynlegt að gæta að þeim tveimur meginþáttum sem að ofan greinir. Gildir þá einu hvort nemandinn er að skrifa bókmenntalegt efni, nýttatexta eða ritgerðir og hugleiðingar.

Málfræði:

Í yngstu bekkjum grunnskóla er áhersla einkum lögð á orðaforða og að móta málbeitingu og máltilfinningu. Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði styðjist við færni nemenda í máli og miði að því að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni.

Námsaðlögun

Nemendur fá verkefni við eigin hæfni og getu.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri

námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS íslenska 3.-4.b.

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Geti nýtt sér efni á rafrænu formi og endursagt kjarna þess.
- Geti aflað sér upplýsinga úr bókum og af veraldarvefnum og nýtt upplýsingarnar í vinnu.
- Þekki sagnorð og kunni skil á mismunandi hlutverki þeirra.
- Sýni virka hlustun, áhuga og kurteisi.
- Geti lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Þekki lýsingarorð og kunni skil á mismunandi hlutverki þeirra.

VS íslenska 3.-4.b. - Talað mál, hlustun og áhorf

- Geti sagt frá eftirminnilegum atburði með eðlilegri framvindu.
- Geti endursagt efni sem hefur veri lesið, hlustað á eða horft og greint frá upplifun sinni.
- Geti tjáð skoðanir sínar.
- Tileinki sér þær reglur sem gilda í samræðum s.s. að skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir.
- Geti átt góð samskipti.
- Geti greint frá upplifun sinni eftir að hafa hlustað eða horft á leikið efni, ljóð og söngva.

VS íslenska 3.-4.b. - Lestur og bókmenntir

- Geti nýtt orðaforða sinn til að álykta um efni texta.
- Tengir þekkingu sína við lesefni til að ná merkingu þess.
- Geti valið sér lesefni sem hæfir áhuga og getu.
- Geti lesið sér til ánægju.
- Þekki hugtakið söguþráður.

- Geti lesið fjölbreytt efni við hæfi, s.s. sögur, ljóð og ævintýri.
- Þekki og geti rætt um söguþráð, boðskap og umhverfi í texta.
- Kannist við fáein hugtök í bragfræði, s.s. rím, kvæði og vísa. .

VS íslenska 3.-4.b. - Ritun

- Geti skrifað skýrt og læsilega.
- Noti upphaf, meginmál og niðurlag við ritun texta.
- Geti samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn eða ljóð.
- Geti notað einfaldar stafsetningarreglur við ritun texta, s.s. stóran staf í upphafi málsgreinar, stóran staf í sérnöfnum og punkt í lok málsgreinar.

VS íslenska 3.-4.b. - Málfræði

- Geti raðað í stafrófsröð.
- Geti nýtt sér stafrófið til leitar og við skipulag.
- Þekkir nafnorð og kunni skil á mismunandi hlutverki þeirra.
-
- Geti búið til málsgrein í texta.
- Þekki muninn á sérnöfnum og samnöfnum.
- Geti leikið sér með orð og merkingu þeirra með því að fara í orðaleiki.
- Þekki sérnöfn og samnöfn.



Ritrún

Íslenskuvinnubók



Skrift 3

Skriftarbók



Barnabækur

Gæðatexti



Lestarbækur

Lestur



Litla Lesrún

Lesskilningur



Lesskilnings - og lestrarforrit

Öpp i spjaldtölvu

- Búkolla

- Dagur íslenskrar tungu

Að kynna fyrir nemendum Jónas Hallgrímsson og ljóð eftir hann.

- Flugvélar

Flugvélar er lestrarbók í flokknum Milli himins og jarðar og er á fjórða þyngdarstigi. Í bókinni er ýmiss konar fróðleikur um flugvélar og mikið lagt upp úr ljósmyndum og teikningum sem styðja við textann og vekja áhuga og forvitni. Neðst á hverri síðu eru spurningar til þess ætlaðar að staldra við og ræða það sem lesið var um. Spurningar á flugvélavæng leiða lesandann á næstu síðu þar sem svarið er að finna. Aftast í bókinni eru nokkur verkefni.

- Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum

Nemendur vinna með Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum og læra ný orð, læra í hvaða röð jólasveinarnir koma til byggða og fleira.

- Kuggur: Draugagangur

Kuggur fær risastórt boðskort frá Málfríði og mömmu hennar. Hann flýtir sér til þeirra en verður furðu lostinn þegar þangað kemur. Fleiri gestir bætast í hópinn og upp vaknar spurning um hver sé munurinn á draugagangi og myndlistarsýningu.